Reykjavík International Film Festival
25. september — 5. október 2008 — riff.is



**Þungarokk í Bagdad**
Heavy Metal in Baghdad

→ Regnboginn 23:00
Þungarokksveitin Acrassicauda (Svarti sporðdrekinn) leitar leiða til þess að koma tónlist sinni á framfæri í skálmöldinni sem geysar í Írak.

Fimmtudagur 25. september

→ Regnboginn

| | |
|---|---|
| Kalt borð | 19:00 |
| Berlín kallar | 19:00 |
| O'Horten | 21:00 |
| Snjór | 21:00 |
| Morgunverður með Scot | 21:00 |
| Upprisan | 21:00 |
| Landsbyggðarkennarinn | 23:00 |
| Saga 52 | 23:00 |
| Þungarokk í Bagdad | 23:00 |
| Rannsóknarmaðurinn | 23:00 |

→ Iðnó

| | |
|---|---|
| Villt samsetning | 15:30 |
| Í skugga hinnar helgu bókar | 17:30 |
| Kattadansarar | 20:00 |
| 33 atriði úr lífinu | 22:30 |

→ Norræna húsið

| | |
|---|---|
| Speglar sálarinnar | 15:30 |
| Flæði | 17:30 |
| Óbugandi | 20:00 |
| Óþokkaveisla | 22:30 |

→ midi.is





# Myndlist, hönnun og tíska

## Nýju fötin sýningargestsins

LISTAMENN og hönnuðir hafa lánað Hugin Þór Arasyni flíkur sem þeir hafa gert annaðhvort fyrir sig eða sína og þær ætlar hann að endurskapa á sýningunni. Hann hefur fengið flokk klæðskeranema úr Tækniskólanum í lið með sér og þeir munu sníða og sauma nýjar spjarir á sýningargesti eftir fyrirmyndunum, en fötin verða öll úr sama hvíta efninu. „Þetta verður eins og vinnustofa hérna, straubretti og saumavélar og allt til alls," segir Huginn.



Morgunblaðið/Golli

Gestir geta ekki valið sér föt, svo að þeir geta jafnt fengið brúðarkjól og jakka af Andrési Önd. „Karlmenn geta lent í kvenmannsfötum og öfugt, en allar flíkurnar verða gerðar eftir máli og aðlagaðar hverjum gesti. Svo getur fólk tekið þær með heim og átt sem hugmynd eða listaverk."

Eftir Gunnhildi Finnsdóttur
gunnhildur@mbl.is

Fjórir myndlistarmenn og Gjörningaklúbburinn að auki eiga verk á sýningu sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á laugardaginn. Hún ber heitið ID LAB og þar er notast við tungumál tískunnar. Þarna mætast myndlist og hönnun og athyglinni er beint að því hvað skilur þessar greinar að, en ekki síður hvað sameinar þær.

„Þegar ég byrjaði að vinna þessa sýningu þá vildi ég sýna verk eftir listamenn sem nota tungumál tísku og hönnun í verkum sínum. Þeir ná öðru sambandi við áhorfendur með því að nota myndmál og hugmyndir sem hafa þegar farið í gegnum síu fjöldamenningarinnar en ekki aðeins þrifist í lokuðu umhverfi listheimsins,"segir Ólöf Sigurðardóttir sýningarstjóri. „Það er ákveðinn samruni sem á sér stað, listamennirnir fara allir hver sína leið og tileinka sér þetta tungumál."

Ólöf segir verk listamannanna tengjast með umfjöllunarefninu, þau séu öll að fjalla um ímynd og sjálfsmyndir auk þess að skoða tískuheiminn sem slíkan. „Svo eru öll verkin stór í sniðum, þetta eru innsetningar, nema hjá Hrafnhildi sem er með skúlptúra, en öll eru þau að skapa sérstakan heim í verkum sínum."



Morgunblaðið/Golli






## Tíðarandi og tískukleinur

MEÐLIMIR Gjörningaklúbbsins hafa gert verk fyrir sýninguna sem þær nefna „Tíðarandann". Hann er í mannsmynd og horfir þögull á sýningargesti. „Hann hangir á línu hátt uppi. Fólk langar kannski til þess að kynnast tíðarandanum á hverjum tíma, en það er ekki hægt fyrr en seinna. Við erum búnar að setja saman þennan Tíðaranda sem er hálfgerð véfrétt og svo erum við með fyrirbærið „Ástarpung" og „Tískukleinur" líka," segir Eirún Sigurðardóttir sem skipar klúbbinn ásamt þeim Sigrúnu Hrólfsdóttur og Jóni Jónsdóttur.



Morgunblaðið/Golli

Eirún segir kleinurnar vera mjúka innsetningu. „Kleinur fara náttúrlega aldrei úr tísku en þær eru búnar til úr mismunandi efnum frá ólíkum tímabilum. Þar kemur tíðarandinn inn."